

Norræni loftslagsdagurinn 2010: Myndbandssamkeppni

klimanorden.org

Markhópur: Nemendur í framhaldsskóla 15 til 19 ára.

Gerði myndband um loftslagsvæna hugmynd, lengd 30 sekúndur. Verkefnið má vera, hvort heldur, einstaklingsverkefni eða hópverkefni.



- Veitt verða ein norræn verðlaun að upphæð 5.000 danskar krónur
- Veitt verða ein verðlaun í hverju landi að upphæð 1.000 danskar krónur

Dómnefnd velur verðlaunaverkefni. Við val á verðlaunaverkefnum leggur dómnefnd til grundvallar faglegt innihald, skapandi tjáningu og áhrif sem hugmyndin getur haft.

Verkefni: Gerði YouTube-myndband um „loftslagsbreytingar“

Gerði stutt myndband eða teiknimynd um loftslagsbreytingar, hámarks lengd 30 sekúndur.

Myndbandið má vera „stutt kynning/hvatningarræða“, þar sem efnið er eitt af eftirfarandi málefnum:

- Lýsið og skilgreinið heildarhugmynd fyrir nýtt fyrirtæki, sem gæti gert heiminn loftslagsvænni.
- Lýsið og skilgreinið heildarhugmynd að nýrri vöru, sem gæti gert heiminn loftslagsvænni.
- Lýsið og skilgreinið heildarhugmynd að nýjum loftslagsvænum vinnuaðferðum eða framleiðsluaðferðum.
- Hvað getur einstaklingurinn lagt af mörkum til að gera samfélagið loftslagsvænna?
- Hvernig verður líf þitt/ykkar í framtíðinni með eða án loftslagsbreytinga?

Orðið „loftslagsbreytingar“ þýðir fyrst og fremst loftslagsbreytingar sem orðið hafa af mannavöldum, skv. IPCC (IPCC er stofnun innan Sameinuðu þjóðanna og stendur fyrir Intergovernmental Panel on Climate Change).

- Þú/þið verðið að hafa búið til allt efni í myndbandinu sjálf, annars er ekki unnt að birta framlag þitt/ykkar á vefsíðunni klimanorden.org, og þá getur þú/þið ekki tekið þátt í samkeppninni.
- Á myndbandinu mega ekki vera tónlist, hljóð, myndir eða annað efni, sem einhver á höfundarétt á, til að mynda tónlist eða myndir, sem aðrir hafa framleitt, ljósmyndað eða teiknað. Teiknið eða gerið myndir sjálf

Til að geta tekið þátt í samkeppninni Norræni loftslagsdagurinn verður þú fyrst að vista myndbandið á YouTube og síðan að vista það sem „video“ á loftslagskortinu á www.klimanorden.org/2010/video/

- Skráðu þig á YouTube (hægt er að skrá bekk/skóla sameiginlega)
- Vistaðu myndbandið á YouTube
- Vistaðu framlag þitt með slóð myndbandsins á kortið á www.klimanorden.org/2010/video/

Ef þú ert ekki sjálfráða, verða kennari þinn og foreldrar að veita þér leyfi til að vista myndbandið og birta á YouTube.

Myndbandið verður að vista á loftslagskortinu fyrir 11. nóvember 2010 kl. 24.00.